




FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

BIRKIFRÆ SÖFNUN OG SÁNING

INNGANGUR

Eitt af þeim verkefnum sem tilheyra haustinu hjá áhugafólki um skógrækt og landgræðslu er söfnun og sáning birkifræs. Íslenska birkið ber fræ á haustin og er það yfirleitt full þroskað í byrjun október. Þó getur það verið misjafnt eftir veðurfari, allt frá lokum ágúst ef sumur eru hlý og fram í lok október ef sumur eru köld. Á birkinu eru fræin í svokölluðum reklum. Þeir eru oftast egg- eða bjúglaga og eru 2 - 4 cm á lengd. Þeir eru samsettir úr fræjum og reklablöðum á víxl. Fræin eru smávxnari en reklablöðin og með tveimur vængjum.



Auðvelt er að ná góðum tökum á söfnun og sáningu birkifræs. Mikilvægt er að velja vel þann efnivið sem safnað er af.

FRÆSÖFNUN


Auðvelt er að átta sig á því hvenær reklarnir eru orðnir fullþroska. Það er þegar fræið er orðið laust í reklunum, en það gerist oft ekki fyrr en lauf er tekið að falla verulega af trjánum. Þá losna brúnir reklarnir auðveldlega í sundur. Vanda skal val á trjám við söfnunina því gera má ráð fyrir því að plönturnar sem vaxa upp af fræinu líkist móðurtrénu. Því ætti að reyna, ef kostur er, að safna fræi af fallegum og beinvöxnum trjám.




Kvenreklar uppsperrtir að vori.



Karlreklar að vori og frjóduft að losna.



Frjóvgaðir kvenreklar grænir um mitt sumar.



Fullþroska kvenreklar brúnir að hausti.



Reklarnir eru tindir eða dregnir í heilu lagi af trjánum og safnað saman í poka. Betra er að safna í bréf- eða taupoka, heldur en plastpoka, því plastið heldur raka að fræinu. Best er að safna fræinu í þurru veðri.

MEÐFERÐ OG GEYMSLA BIRKIFRÆS

Að fræsöfnun lokinni er um tvennt að velja með sáningartíma. Annað hvort er hægt að sá fræinu strax eftir söfnun að hausti, eða geyma það yfir veturinn, og sá því þá snemma vors. Er mælt með því að sá fræinu strax að hausti því þá sleppur fólk við það umstang sem fylgir geymslu á fræinu. Þannig gerist það einnig í náttúrunni.

Sé hins vegar ákveðið að geyma fræið til vors þarf að byrja á því strax að þurrka það vel. Það er mjög áriðandi því annars myglar það fljótt. Það er gert þannig að reklunum er sturtað úr söfnunarpokanum á þurrt undirlag og breitt vel úr þeim. Þannig þornar fræið við venjulegan stofuhita, en fræið þolir ekki hitun upp fyrir 25°C. Ágætt er að velta því við öðru hvoru. Þurrkunin getur tekið nokkra daga, en að því loknu þarf að setja það í ílát og geyma síðan á þurrum og svólum stað.




LANDVAL TIL SÁNINGAR

Miklu máli skiptir í hvernig land fræinu er sáð, en frumskilyrði er að svæðið sé friðað fyrir búfé. Þar sem fræinu er sáð þarf það að geta spírað og eins þurfa vaxtarskilyrðin þar að vera heppileg. Hvorki þýðir að sá birkifræinu í algróið eða ógróið land. Í algrónu landi gerist það að fræið spírar illa eða ekki í gróðurþekjunni og eins vegnar ungum fræplöntum illa í samkeppni við annan gróður. Í ógrónu landi getur fræið náð að spíra en víst er að plönturnar komist ekki á legg vegna frosthreyfinga eða áfoks. Því þýðir ekki að sá beint í opna mela, flög eða ógróna sanda.

Heppilegasta landið til birkisáningar er hins vegar hálfgróið land þar sem eru skilyrði fyrir fræið að spíra, holklahættu lítil og samkeppni við annan gróður takmörkuð. Þannig land eru t.d. hálfgróin holt, hálfgrónir melar og skriður. Sáningarskilyrði má hins vegar bæta, bæði á ógrónu og algrónu landi. Á ógrónu landi, hefur gefist vel að sá með birkifræinu áburði og grasfræi. Grasið sem kemur þá upp hindrar frostlyftingu fyrst um sinn og áburðurinn eykur vöxt plantnanna. Þegar áhrifa áburðarins hættir að gæta dregur úr þrótti grassins en birkiplönturnar eiga þá að vera orðnar nægilega þróttmiklar og rótfastar til að spjara sig. Sé sáningarlandið hins vegar algróið þarf að rjúfa gróðurþekjuna áður en hægt er að sá. Það er hægt að gera með því að rista svörðinn ofan af gras- eða mólendi og skapa þannig skilyrði fyrir fræið til að spíra.

SÁNING

Sömu aðferð er beitt við sáninguna hvort sem sáð er vor eða haust. Það er gert þannig að fræinu er sáð á jarðvegsyfirborðið með hendinni. Gott er að þjappa fræinu létt niður með fæti eftir sáninguna, en þannig fæst betri snerting við jarðveginn og líkur á spírun aukast. Ekki má róta jarðvegi yfir fræið því það þarf birtu til að spíra. Óhætt er að stilla fræmagni mjög í hóf því yfirleitt hættir fólki til að ofnota fræið og sá of þétt.



Birkiplönturnar eru smáar í fyrstu. Fræin geta verið nokkur sumur að spíra.

ISSN 1605-5020




Áburðarverksmiðjan
Korngórum 12

Garðyrkja ehf
Helluhrauni 4 - 220 Hafnarfjörður

PRENTSMÍÐJAN
VIÐEY
Smiðjuvegur 18 (rauð gata)

Einstakar bækur fyrir ræktendur



Í bókunum er fjallað á skýran og aðgengi-
legan hátt um 54
tegundir lauftrjáa og
34 tegundir barrtrjáa
sem vaxa á Íslandi.



**Verð
aðeins
kr. 2.700.-
hvor bók**



Sumarhúsið og garðurinn ehf.
Síðumúla 15, 108 Reykjavík
Sími 586 8005 • www.rit.is

Höfundur: Jón Geir Pétursson. Teikningar: Aðalsteinn Sv. Sigfússon. Prentvinnsla: Víðey ehf.
Útgefandi: Skógrættarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík. www.skog.is